

Svona er staða þín hjá okkur

Yfirlit sjóðfélaga
október 2018




Hækkað mótframlag launagreiðenda í lífeyrissjóð

Þegar þú greiðir í lífeyrissjóð greiðir launagreiðandi hluta á móti þér. Samkvæmt kjarasamningum ASI og SA hefur mótframlag launagreiðenda hækkað reglubundið.

Árið 2016 var mótframlag 8% en hefur nú hækkað í 11,5%. Iðgjald launþega helst óbreytt og er 4%. Heildargreiðslur í lífeyrissjóð hvers launþega eru því 15,5%.

Hækkun ■
Mótframlag launagreiðenda ■
Þitt framlag ■

Iðgjöldin mynda lífeyrisréttindin. Ert þú viss um að allar greiðslur hafi skilað sér í lífeyrissjóðinn þinn?



Er allt mótframlagið að skila sér?

Vertu viss um að mótframlagið skili sér

Við hvetjum þig til að fylgjast með að þessi hækkun hafi skilað sér í iðgjöldum launagreiðenda til lífeyrissjóðsins. Iðgjöldin mynda lífeyrisréttindin. Þess vegna er mikilvægt að tryggja að þau berist.

Ráðstöfun mótframlags

Sjóðfélagi velur hvort hækkun mótframlags fer að hluta eða að öllu leyti í tilgreinda séreign eða samtryggingu.

Kynntu þér þessa valkosti á live.is/sofnun

Fylgstu með á sjóðfélagavefnum

Með því að innskrá þig á sjóðfélagavefnum getur þú séð yfirlit um réttindi þín hjá sjóðnum, upplýsingar um séreign og lán. Þú getur einnig skoðað Lífeyrisáætlun þar sem hægt er að sjá réttindi í öðrum sjóðum og reiknað væntanlegan lífeyri miðað við ýmsar valdar forsendur.

Fyrirvarar: Eðlilegt getur verið að greiðslur fyrir mánuðina ágúst og september 2018 vanti á yfirlitið. Vanti frekari greiðslur eða hafir þú einhverjar athugasemdir, hafðu strax samband við viðkomandi fyrirtæki og/eða innheimtudeild sjóðsins. Útreikningur réttinda byggir á fyrirliggjandi gögnum. Framangreind réttindi eru ekki úrskurður um lífeyri og eru því birt með fyrirvara. Áætlun um væntanlegan lífeyri byggir á meðaltali inngreiddra iðgjalda síðastliðna 12 mánuði og samþykktum sjóðsins. Réttindi þin eru verðtryggð og breytast mánaðarlega í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.